KVIKA

# Verðbréfalýsing víxla

# Efnisyfirlit


**1. ÁHÆTTUÞÆTTIR ..... 4**

1.1. Almenn áhætta víxla ..... 4

1.2. Lagaumhverfi ..... 5

1.3. Áhætta tengd víxlunum ..... 5

1.3.1. Markaðsáhætta ..... 5

1.3.2. Seljanleikaáhætta ..... 5

1.3.3. Lausafjáráhætta ..... 5

**2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA ..... 6**

2.1. Útgefandinn ..... 6

2.2. Upplýsingar um víxlana ..... 6

2.3. Heimild til víxlaútgáfu ..... 8

2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við ..... 8

2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana ..... 9

**3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA ..... 9**

3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar ..... 9

3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar ..... 9

3.3. Skjöl til sýnis ..... 10

3.4. Uppfærsla á útgefandalýsingu ..... 10

3.4.1. Uppfærsla inngangs ..... 10

3.4.2. Kafli 1.1. Lausafjáráhætta ..... 10

3.4.3. Kafli 1.2. Útlánaáhætta ..... 11

3.4.4. Kafli 1.3.1. Lagaáhætta ..... 11

3.4.5. Kafli 1.4. Markaðsáhætta ..... 11

3.4.6. Kafli 1.5. Vaxtaáhætta ..... 12

3.4.7. Kafli 1.6. Skuldabréfaáhætta ..... 12

3.4.8. Kafli 1.8. Gjaldeyrisáhætta ..... 12

3.4.9. Kafli 1.9. Verðtryggingaráhætta ..... 12

3.4.10. Kafli 1.10.2. Pólitísk- og reglugerðaráhætta ..... 12

3.4.11. Kafli 3.2. Saga útgefanda ..... 13

3.4.12. Kafli 3.2.1. Saga MP banka og kafli 3.2.2. Saga Straums ..... 13

3.4.13. Kafli 3.2.3. Samkomulag um samruna ..... 14

3.4.14. Kafli 4.2. Skipulag ..... 16

3.4.15. Kafli 4.3. Eignastýring ..... 17
3.4.16. Kafli 4.6. Fyrirtækjaráðgjöf ..... 18
3.4.17. Kafli 4.7 Fjármála- og rekstrarsvið ..... 18
3.4.18. Kafli 5.1. Stjórn ..... 18
3.4.19. Kafli 5.2. Framkvæmdastjórn ..... 19
3.4.20. Kafli 5.3.1 Fjármálanefnd ..... 21
3.4.21. Kafli 6.1 Hlutafé ..... 21
3.4.22. Kafli 6.2 Hluthafar ..... 21
3.4.23. Kafli 7.1 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar ..... 22
3.4.24. Kafli 7.2 Löggiltir endurskoðendur ..... 22
3.4.25. Kafli 7.3 Nýjustu fjárhagsupplýsingar ..... 22
3.4.26. Kafli 7.4 Skýringar í samstæðuársreikningi ..... 23
3.4.27. Kafli 8. Skjöl til sýnis ..... 23
3.4.28. Kafli 8.1. Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun ..... 23
3.4.29. Uppfærsla yfirlýsinga ..... 25
**4. ÚTGÁFULÝSING ..... 26**

Verðbréfalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika", „útgefandinn", „bankinn" eða „félagið") þann 19. janúar 2018 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu sem gefin var út af útgefanda og staðfest af Fjármálaeftirlitinu þann 24. mars 2017, og uppfærð er í kafla 3.4 í þessari verðbréfalýsingu. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn fjármögnun, sérbankaþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Verðbréfalýsing þessi er gefin út vegna umsóknar um töku víxla útgefanda, KVB 18 0621, til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

Verðbréfalýsing þessi veitir upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast víxlunum og uppfyllir hún kröfur XIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100.000 evrur.

Upplýsingar sem fram koma í verðbréfalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsinguna og birta á sama hátt og lýsinguna á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti („vvl.").

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda https://www.kvika.is/um-kviku/um-kviku#tab2.

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „víxlarnir" og „víxlaútgáfan" til víxlaflokksins KVB 18 0621 sem er sá flokkur sem sótt er um að tekinn verði til viðskipta í Kauphöllinni.

## 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþáttum þeim sem lýst er hér á eftir eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að hans mati eiga sérstaklega við um víxla útgefna af honum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar samkvæmt víxlunum vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

### 1.1. Almenn áhætta víxla

Fjárfesting í víxlum felur alltaf í sér áhættu. Verðmæti víxlanna kann að minnka jafnt sem aukast. Fjárfestar geta tapað verðmæti hluta eða allrar fjárfestingar sinnar í víxlum. Margvísleg atriði geta valdið breytingum á verðmæti víxlanna m.a. almennt efnahagsástand, vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglugerðum og aðrir atburðir.

## 1.2. Lagaumhverfi

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og Víxillög, nr. 93/1933.

Þá gilda um útgáfuna reglugerð nr. 837/2013, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga og aðrar reglugerðir og löggjöf sem varða útgáfu og viðskipti með verðbréf.

Þá gilda reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga um útgáfuna og útgefanda. Breytingar á löggjöf sem tengist útgáfunni kunna að hafa áhrif á verðmæti víxlanna.

Eðli máls samkvæmt getur útgefandi ekki séð fyrir breytingar á löggjöf og getur því hvorki tekið ábyrgð á mögulegum áhrifum á verð né öðrum afleiðingum sem slíkar breytingar kunna að hafa á víxlana. Á þetta við um allar breytingar á lögum og reglum settum af löggjafanum og stjórnvöldum sem og breytingar sem kunna að stafa af niðurstöðum dómstóla eða stjórnvalda.

Einnig ber að hafa í huga að breytingar á löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði kunna að hafa áhrif á útgefanda og víxlana vegna aðildar Íslands að EES-samningnum.

## 1.3. Áhætta tengd víxlunum

### *1.3.1. Markaðsáhætta*

Verðmæti víxla kann að taka breytingum vegna aðstæðna á markaði. Þannig getur virði víxlanna lækkað ef almenn ávöxtunarkrafa á markaði hækkar og virði hækkað ef ávöxtunarkrafa lækkar.

### *1.3.2. Seljanleikaáhætta*

Víxlarnir hafa ekki áður verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þó svo að víxlarnir verði teknir til viðskipta í kauphöll getur útgefandi ekki ábyrgst að viðskipti með þá verði virk. Enginn skylda hvílir á útgefanda að viðhalda virkum markaði með víxlana og ekki er fyrirhugað að viðskiptavakt verði með þá. Því kann að myndast seljanleikaáhætta, þ.e. áhættan af því að ekki sé hægt að selja víxlana þegar vilji er fyrir því. Áhættan birtist með þeim hætti að markaðurinn getur ekki tekið við því magni sem til stendur að selja eða að verðmyndun sé með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi víxlanna.

### *1.3.3. Lausafjáráhætta*

Útgefandi kann að lenda í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi stýrir lausafjáráhættu sinni til þess meðal annars að tryggja að hann eigi ávallt nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

# 2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

## 2.1. Útgefandinn

Lögheiti útgefandans er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930 og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

| | |
|---|---|
| **Lögformlegt heiti** | Kvika banki hf. |
| **Viðskiptaheiti** | Kvika |
| **Félagaform** | Hlutafélag |
| **Kennitala** | 540502-2930 |
| **Höfuðstöðvar og heimilisfang** | Borgartún 25, 105 Reykjavík |
| LEI kóði | 254900WR3I1Z9NPC7D84 |
| Vefsíða | www.kvika.is |
| **Símanúmer** | 540 3200 |
| **Auðkenni hjá Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.** | KVB 18 0621 |

## 2.2. Upplýsingar um víxlana

Víxlarnir voru gefnir út 20. desember 2017 þegar kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar, voru gefnar út. Heildarútgáfuheimild í flokknum er kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar og hefur hún því verið fullnýtt.

Ástæðan fyrir útgáfu víxlanna er að auka fjölbreytileika í fjármögnun bankans. Víxlarnir eru seldir á flötum vöxtum 4,65%. Söluvirði útgáfunnar er 1.954.064.000 krónur og er nettósöluandvirði eftir kostnað áætlað 1.952.934.000 krónur. Kostnaður er áætlaður 1.130.000 króna og er þar um að ræða vinnu við verðbréfa- og útgefandalýsingu og kostnað til Fjármálaeftirlitsins, Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Markmiðið með því að fá víxlana tekna til viðskipta í kauphöll er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi þeirra auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf útgefanda séu í samræmi við reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga í kauphöll.

| | |
|---|---|
| **Auðkenni** | KVB 18 0621 |
| **ISIN númer** | IS0000029502 |
| **Tegund bréfs** | Víxlar, vaxtalausir með forvaxtafyrirkomulagi |

| | |
|---|---|
| **CFI númer** | D-Y-Z-U-X-R |
| **Skráð rafrænt** | Víxlarnir eru gefnir út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. Eignaskráning rafbréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. |
| **Tegund afborgana** | Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga. |
| **Útgáfuland** | Ísland |
| **Gjaldmiðill** | ISK – íslenskar krónur |
| **Nafnverðseiningar** | 20.000.000,- |
| **Heildarheimild** | 2.000.000.000,- |
| **Þegar útgefið** | 2.000.000.000,- |
| **Útgáfudagur** | 20.12.2017 |
| **Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina** | 1 |
| **Gjalddagi höfuðstóls** | 21.06.2018 |
| **Greiðslur vaxta og vaxtaprósenta** | Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi. |
| **Reikniregla vaxta** | Einfaldir |
| **Dagaregla** | Actual/360, ISMA aðferð |
| **Vísitölutrygging** | Nei |
| **Innkallanlegt** | Nei |
| **Innleysanlegt** | Nei |
| **Fyrning** | Kröfur samkvæmt víxlunum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga. |
| **Breytanlegt** | Nei |
| **Greiðslustaður** | Útgefandi mun, fyrir milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., greiða nafnvirði víxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlana hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa). |
| **Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við** | Nei |

| | |
|---|---|
| **vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?** | |
| **Viðskiptavakt** | Ekki verður viðskiptavakt með víxlana. |
| **Framsal** | Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna. |
| **Vanskil** | Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þeir eru ekki greiddir upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynninu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkynningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra. |
| **Breytingar á skilmálum** | Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins. |
| **Hlunnindi** | Engin hlunnindi eru tengd víxlunum. |
| **Skattur** | Útgáfan er rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf. |
| **Gjöld** | Útgefandi greiðir allan kostnað við útgáfuna þ.m.t. gjöld til Nasdaq Iceland hf. |
| **Ágreiningsmál** | Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála |
| Forgangsröðun | Krafa á hendur útgefanda á endurgreiðslu höfuðstóls víxlanna er almenn krafa og nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur Kviku á hverjum tíma. |

## 2.3. Heimild til víxlaútgáfu

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt heimild fjármálanefndar útgefanda þann 14. desember 2017.

## 2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, og eftir atvikum önnur tengd löggjöf og reglur, t.d. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, Víxillög, nr. 93/1933, og lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Þá kunna lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, að koma til skoðunar í viðeigandi tilvikum.

Þá gilda um starfsemi útgefanda lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um hlutafélög, nr. 2/1995. Um Júpíter rekstarfélag hf. og Öldu sjóði hf., dótturfélög útgefanda, gilda einnig lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011.

### 2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana

Þegar lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun útgefandi óska eftir því að víxlarnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfarið mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef víxlarnir verða teknir til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði.

Útgefandi er þegar útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, Nasdaq Iceland hf., og lýtur hann því nú þegar upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfaviðskipti og reglum Nasdaq Iceland hf. Núgildandi reglur kveða meðal annars á um að útgefandi víxla skuli kappkosta að birta opinberlega og án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann veit eða má vita að kunni að hafa marktæk áhrif á verð víxlanna.

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

## 3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

### 3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, fyrir hönd útgefanda, lýsa því hér með yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. janúar 2018

| | |
|---|---|
| F.h. stjórnar Kviku | F.h. Kviku |
| Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður | Ármann Þorvaldsson, forstjóri |

### 3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Útgefandi hefur sjálfur umsjón með töku víxlanna til viðskipta og sá um gerð lýsingar og því kom enginn þriðji aðili að gerð þessarar lýsingar sem kynni að hafa annarra hagsmuna að gæta en útgefandi. Hins vegar geta falist hagsmunaárekstrar í slíkri aðstöðu en í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna í kafla 3.1 hér að ofan þá eru upplýsingar í þessari lýsingu í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Stjórn útgefanda er ekki kunnugt um og telur enga hagsmunaárekstra til staðar á milli skyldustarfa stjórnarmanna og aðila í framkvæmdastjórn fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

## 3.3. Skjöl til sýnis

Útgáfulýsing víxlanna er hluti af þessari verðbréfalýsingu og er hún sett fram í 4. kafla hér að neðan.

## 3.4. Uppfærsla á útgefandalýsingu

Útgefandalýsing sem birt var af útgefanda og staðfest var af Fjármálaeftirlitinu þann 24. mars 2017 er hluti af lýsingu útgefanda dags. 19. janúar 2018 og er hún uppfærð á eftirfarandi hátt með tilliti til þessarar verðbréfalýsingar.

### *3.4.1. Uppfærsla inngangs*

Inngangur í útgefandalýsingu verður svohljóðandi:

Útgefandalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika", „útgefandinn", „bankinn" eða „félagið") þann 24. mars 2017 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu, dags. 19. janúar 2017, útgefandalýsingu þessari, og uppfærslu hennar í kafla 3.4. í verðbréfalýsingu. Kvika er viðskiptabanki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og sinnir bankinn fjármögnun, sérbankaþjónustu, miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu.

Útgefandalýsing þessi er gefin út í tengslum við umsókn um töku víxla í flokknum KVB 18 0621, sem gefnir voru út 20. desember 2017, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, og veitir hún upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast útgefanda.

Upplýsingar sem fram koma í útgefandalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsingu og birta á sama hátt og lýsingin á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti („vvl.").

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda https://www.kvika.is/um-kviku/um-kviku#tab2.

### *3.4.2. Kafli 1.1. Lausafjáráhætta*

1. mgr. kafla 1.1. *Lausafjáráhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Lausafjáráhætta vísar til hættu á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga með eðlilegum hætti, ýmist alls ekki eða án verulegs taps vegna skorts á seljanleika eigna. Útgefandi viðheldur ávallt lausafjárstöðu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall lánastofnana nr. 266/2017.

### *3.4.3. Kafli 1.2. Útlánaáhætta*

2. mgr. kafla 1.2. *Útlánaáhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Þann 30.06.2017 nam útlánasafn útgefanda 25.651 m.kr. Útlánasafnið skiptist þannig að 34% útlána voru vegna þjónustustarfsemi, 10% útlána voru til einstaklinga, 31% til eignarhaldsfélaga, 5% vegna verslunar, 14% vegna fasteigna- og byggingarstarfsemi, og 6% til annarra. Heildarvanskil yfir 90 dögum námu 1,2% af bókfærðu virði útlánasafns í lok júní 2017, sbr. skýringu 35 í árshlutareikningi útgefanda m.v. 30.06.2017, og var krossvanskilahlutfall 1,3% af bókfærðu heildarvirði lánasafns, en krossvanskilahlutfall er skilgreint af áhættustýringu bankans sem vanskilahlutfall að viðbættum öllum öðrum skuldbindingum viðskiptamanna sem eru með eitt eða fleiri útlán í vanskilum, óháð stöðu einstakra útlána. Veginn binditími bókfærðs lánasafns var 1,2 ár og 73% bókfærðs lánasafns á gjalddaga innan eins árs. Veginn binditími lánasafns gefur vegið meðaltal tímalengdar til gjalddaga á lánasafni bankans, vegið m.t.t. upphæðar útlána. Nánari greining á greiðsluflæði útlána er sýnd í skýringu 40 í hálfsársuppgjöri útgefanda m.v. 30.06.2017.

### *3.4.4. Kafli 1.3.1. Lagaáhætta*

Kafli 1.3.1. *Lagaáhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Við mat á lagalegri áhættu tekur útgefandi mið af áhættu vegna ágreinings um samninga sem útgefandi er aðili að, þar með talið áhættu yfirstandandi og hugsanlegra dómsmála en einnig vegna stjórnsýslumála og/eða einkaréttarlegra krafna. Þá hefur útgefandi enn fremur lagt mat á hættuna á mögulegum sektargreiðslum eða öðrum refsikenndum ákvörðunum eftirlitsaðila. Við mat á lagalegri áhættu hefur útgefandi enn fremur leitast við að fylgjast náið með eftirfylgni innan útgefanda við gildandi lög og reglur og einnig er fylgst með niðurstöðum dómstóla sem kunna að hafa fordæmisgildi fyrir starfsemi útgefanda sem og lagabreytingum.

Útgefandi telur rétt að geta tveggja dómsmála sem höfðuð voru á hendur Virðingu hf., en Kvika er nú aðili að eftir samruna Kviku og Virðingar hf.:

> Skiptastjóri þrotabús fyrrverandi viðskiptavinar Virðingar hf. höfðaði mál gegn félaginu með stefnu sem þingfest var í september 2014 þar sem krafist var riftunar á samkomulagi frá árinu 2010. Krafist er skaðabóta og kostnaðar að fjárhæð kr. 287 milljónir króna auk vaxta. Kvika hefur krafist sýknu í málinu. Kvika hefur fengið þær upplýsingar að aðalmeðferð fari líklega fram á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018.

> Aðili höfðaði skaðabótamál á hendur Virðingu hf. með stefnu sem þingfest var í nóvember 2016. Í málinu gerir aðilinn aðallega kröfu um greiðslu 301 milljónir króna ásamt vöxtum en til vara viðurkenningar á skaðabótaskyldu. Málið varðar meinta ófullnægjandi ráðgjöf Auðar Capital hf. (sem síðar sameinaðist Virðingu hf.) í tengslum við fjárfestingu aðilans sem meðfjárfestir með sjóði sem rekinn er af Virðingu hf. Kvika hefur krafist sýknu í málinu. Aðalmeðferð í málinu lauk í janúar 2018, og von er á dómsniðurstöðu í febrúar 2018.

### *3.4 5. Kafli 1.4. Markaðsáhætta*

3. mgr. kafla 1.4. *Markaðsáhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Þann 30.06.2017 nam nettóstaða bankans í verðbréfum sem mynda markaðsáhættu 5.364 m.kr. Áhættustýring mælir beina áhættu af vaktbókum daglega en það er gert út frá mælikvarðanum fé í húfi (e. Value at Risk, VaR). Fé í húfi er mælikvarði á fjárhagslega áhættu í fjárfestingarsafni innan ákveðins tímaramma. Tölfræðilegum aðferðum er beitt til að meta áhættuna miðað við fyrirfram gefin skilyrði og tapsáhættu. 99% Value at risk gefur þannig til kynna upphæð sem líkur eru á að fjárfestingasafnið geti lækkað um í 1% tilvika. Heimild er sett af áhættustýringu bæði fyrir áhættu vegna hlutabréfa og skuldabréfa í vaktbókum og er miðað við tapsáhættu reiknað sem 99% VaR til eins dags. Heimild til áhættu vegna stöðutöku í hlutabréfum er 30 m.kr. og 35 m.kr. vegna stöðutöku í skuldabréfum. Þann 30.06.2017 var 99% VaR í hlutabréfum 12,15 m.kr. og 99% VaR í skuldabréfum 7,85 m.kr.

### *3.4.6. Kafli 1.5. Vaxtaáhætta*

2. mgr. kafla 1.5. *Vaxtaáhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Fastvaxtaáhætta samstæðu bankans þann 30.06.2017, áætluð sem áhrif 100 (og 200) punkta samhliða hækkun vaxtaferils, í samræmi við reglur FME, var 14,0 m.kr. (27,9 m.kr.) eða sem samsvarar 0,16% (0,32%) af eiginfjárgrunni.

### *3.4 7. Kafli 1.6 Skuldabréfaáhætta*

Kafli 1.6. *Skuldabréfaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Skuldabréfasafn útgefanda á veltubók samanstendur fyrst og fremst af bréfum með ríkisábyrgð, en einnig öðrum skráðum skuldabréfum í mun minna mæli. Þannig voru stöður í ríkisskuldabréfum að meðaltali rúmlega 50% og að lágmarki 8% af safninu á fyrri árshelmingi 2017. Við mat á vaxtaáhættu er byggt á niðurstöðum vágreiningar útgefanda, en álagsprófs ávöxtunarkröfu notað til samanburðar.

### *3.4.8 Kafli 1.8 Gjaldeyrisáhætta*

2. mgr. kafla 1.8. *Gjaldeyrisáhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Gjaldeyrisjöfnuður útgefanda þann 30.06.2017, var jákvæður um 630,5 m.kr., sbr., skýringu nr. 44 í hálfsársreikningi og gengishækkun íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefði því neikvæð áhrif á afkomu bankans. Þann 30.06.2017 hefði hækkun íslensku krónunnar um 1% gagnvart myntum í gjaldeyrisjöfnuði bankans orsakað tap að upphæð 6,31 m.kr. og 1% lækkun hefði leitt til samsvarandi hagnaðar.

### *3.4 9. Kafli 1.9 Verðtryggingaráhætta*

2. mgr. kafla 1.9. *Verðtryggingaráhætta* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Verðtryggingarjöfnuður samstæðu bankans þann 30.06.2017 var jákvæður um 1.558,3 m.kr., sbr. skýringu nr. 43 í hálfsársreikningi bankans. Aukin verðbólga hefur því jákvæð áhrif á afkomu útgefanda þar sem 1% hækkun á vísitölu neysluverðs myndi bæta afkomuna um 15,58 m.kr., og 1% lækkun á vísitölunni myndi leiða til samsvarandi lækkunar í afkomu.

### *3.4 10 Kafli 1.10 2. Pólitísk- og reglugerðaráhætta*

Kafli 1.10.2. *Pólitísk- og reglugerðaráhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Útgefandi hefur sett sér verklagsreglur um meðhöndlun laga- og stjórnmálaáhættu þar sem slík áhætta er skilgreind með tilliti til ábyrgðar og hlutverka innan útgefanda sem og verklags við mat á viðbótareiginfjárþörf vegna slíkrar áhættu. Við mat útgefanda á pólitískri- og reglugerðaráhættu er annars vegar lagt mat á áhættuna sem felst í því að lögum og reglum sé breytt þannig að breytingarnar hafi veruleg áhrif á rekstrarstærðir, samkeppnisstöðu o.fl. sem varðar útgefanda. Hins vegar er lagt mat á pólitíska áhættu, en hún lýtur að stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum, ríkisfjármálum, peningamálastjórnun og stefnu varðandi einstaka pólitískar ákvarðanir sem geta t.d. haft áhrif á einstaka atvinnugreinar, byggðarlög eða fyrirtæki. Enn fremur má nefna hættu á hryðjuverkum, uppþotum, borgarastyrjöldum o.s.frv. sem dæmi um pólitíska áhættu.

Útgefandi leggur mat á þessa áhættuþætti með reglubundnum hætti í samræmi við framangreindar reglur og greinir ítarlega þá þætti sem eru taldir mikilvægastir.

### *3.4.11. Kafli 3.2. Saga útgefanda*

Kafli 3.2. *Saga Útgefanda* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Kvika varð til árið 2015 með samruna tveggja fjármálafyrirtækja, MP banka hf., kt. 540502-2930, og Straums fjárfestingabanka hf., kt. 640210-0440. Í nóvember 2017 sameinuðust síðan Kvika og Virðing hf., eins og nánar er greint frá í kafla *3.2.3. Kaup og samruni.*

Kvika er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás Kviku er öflug eignastýring og bankinn veitir sparifjár- og innlánseigendum alhliða þjónustu. Hjá samstæðu Kviku starfar samhentur hópur 105 sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu. Forstjóri er Ármann Þorvaldsson og formaður stjórnar er Þorsteinn Pálsson. Eignarhald Kviku er gagnsætt og er hann eini bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga.

### *3.4.12. Kafli 3.2.1. Saga MP banka og kafli 3.2.2. Saga Straums*

Kafli 3.2.1. *Saga MP banka* og kafli *3.2.2. Saga Straums* í útgefandalýsingu falla brott.

Nýr kafli *3.2.1. Saga MP banka og Straums* kemur inn í stað fyrrgreindra kafla, og er svohljóðandi:

Saga MP banka nær aftur til ársins 1999 þegar MP verðbréf hf. voru stofnuð. Árið 2003 fékkst leyfi Fjármálaeftirlitsins til fjárfestingarbankastarfsemi og var nafni fyrirtækisins breytt í kjölfarið í MP fjárfestingarbanki hf. Árið 2008 fékk MP banki viðskiptabankaleyfi á Íslandi. Í apríl 2011 var bankastarfsemi MP banka endurskipulögð. Að bankanum komu þá ríflega 40 nýir hluthafar sem lögðu honum til 5,5 ma.kr. í nýtt hlutafé. Með því tókst að tryggja áframhaldandi rekstur bankans án ríkisaðstoðar eða inngripa eftirlitsaðila. Nýir hluthafar sáu tækifæri í að byggja á öflugri starfsemi bankans á verðbréfamarkaði og í eignastýringu og útvíkka og auka umsvif hans, sérstaklega á lánamarkaði og í fyrirtækjaþjónustu, bæði með innri og ytri vexti.

Saga Straums hófst árið 1986 með stofnun Hlutabréfasjóðsins. Félagið þróaðist hratt á næstu árum og fékk fjárfestingabankaleyfi árið 2004. Með sameiningu við Burðarás í september 2005

varð bankinn stærstur fjárfestingabanka á Íslandi. Bankinn stóð af sér hið mikla hrun haustsins 2008 en var að lokum tekinn yfir af FME í mars 2009. Í kjölfarið var unnið ötullega að endurskipulagningu bankans og varð hann fyrstur íslenskra banka til að klára endurskipulagningu og nauðasamninga í júlí 2010. Í kjölfar nauðasamninga var nýr banki, Straumur fjárfestingabanki hf., stofnaður og fékk starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki í lok ágúst 2011. Fram að samruna Straums og MP banka hf. var Straumur eini sérhæfði fjárfestingabankinn á Íslandi, með áherslu á markaðsviðskipti, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.

### *3.4.13. Kafli 3.2.3. Samkomulag um samruna*

Kafli 3.2.3. *Samkomulag um samruna* í útgefandalýsingu fellur brott, þ.m.t. viðbót við hann sem birtist í viðauka við útgefandalýsingu, dags. 24. mars 2017, þann 29. mars 2017.

Nýr kafli *3.2.3. Kaup og samruni* kemur inn í stað fyrrgreinds kafla og er svohljóðandi:

Þann 20. júní 2017 birti stjórn Kviku tilkynningu þar sem greint var frá því að stjórn Kviku hefði gert kauptilboð í allt hlutafé Virðingar, og ef að af kaupunum yrði væri stefnt að því að sameina félögin. Í tilkynningunni kemur m.a. fram að kaupverð nemi 2.560 milljónum króna og verði greitt með reiðufé. Kaupin séu háð ákveðnum skilyrðum, þar á meðal samþykki hluthafa beggja félaga og samþykki eftirlitsstofnana. Þá kemur fram að stjórn Virðingar hafi móttekið kauptilboðið og ákveðið að beina því til hluthafa félagsins.

Þann 30. júní 2017 birti stjórn Kviku tilkynningu þar sem m.a. var greint frá því að eigendur 96,69% hlutafjár í Virðingu hefðu samþykkt tilboð stjórnar Kviku í hlutafé fyrirtækisins en skilyrði var að tilboðið yrði samþykkt af eigendum meira en 90% hlutafjár. Í tilkynningunni kom fram að kaupin væru áfram háð samþykki á hluthafafundi Kviku og samþykkis eftirlitsstofnana. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að stefnt væri að sameiningu félaganna undir nafni Kviku.

Tilkynning stjórnar Kviku um kauptilboð Kviku í allt hlutafé í Virðingu, dags. 20. júní 2017, hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-gerir-kauptilbod-i-allt-utgefid-hlutafe-virdingar

Tilkynning stjórnar Kviku um kaup Kviku á öllu hlutafé í Virðingu dags. 30. júní 2017 hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-banki-hf-kaupir-allt-hlutafe-i-virdingu-hf

Þann 8. ágúst 2017 birti stjórn Kviku tilkynningu þar sem greint er frá því að Kvika banki hf. hafi undirritað samning um kaup á öllu hlutafé í Öldu sjóðum hf. Í tilkynningunni kemur fram að kaupin séu gerð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki eftirlitsstofnanna.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=785712&lang=is

Þann 28. ágúst 2017 birti Kvika tilkynningu vegna kaupa Kviku banka hf. á öllu hlutafé í Virðingu hf. Þar er greint er frá því að mat Samkeppniseftirlitsins sé að samruninn hindri ekki virka samkeppni og leiði ekki til myndunar markaðsráðandi stöðu. Þá leiði hann ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Ennfremur, samkvæmt tilkynningu frá Kviku þann 6. september 2017 mat Fjármálaeftirlitið Kviku banka hf. hæfan til að eiga og fara með 100% eignarhlut í Virðingu hf. og Rekstrarfélagi Virðingar hf. Með samþykki Fjármálaeftirlitsins voru öll skilyrði fyrir kaupum Kviku á öllu hlutafé Virðingar uppfyllt.

Tilkynningin varðandi mat Samkeppniseftirlitsins hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=789062&lang=is

Tilkynningin varðandi samþykki Fjármálaeftirlitsins hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=790429&messageId=994516

Þann 29. september 2017 tilkynnti stjórn Kviku að stjórnir Kviku banka hf. og Virðingar hf. hafi samþykkt áætlun um samruna félaganna undir nafni Kviku og að samruni miðist við 30. júní 2017. Samruni félaganna er háður samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=803457&lang=is

Þann 13. október 2017 tilkynnti Kvika að gengið hefði verið endanlega frá kaupum Kviku banka hf. á Öldu sjóðum hf. Tilkynnt var um undirritun kaupsamnings vegna Öldu sjóða hf. í byrjun ágúst, en nú hefur verið fallið frá öllum fyrirvörum og Alda sjóðir hf. orðið dótturfyrirtæki Kviku.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=805225&lang=is

Fjármálaeftirlitið samþykkti þann 10. nóvember 2017 samruna Kviku við Virðingu hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Kvika tekur við öllum réttindum og skyldum Virðingar hf. og verða fjármálafyrirtækin sameinuð undir nafni Kviku. Samruninn tók gildi frá og með 18. nóvember 2017.

Tilkynning Fjármálaeftirlitsins vegna samruna Kviku og Virðingar hf. hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/samruni-kviku-banka-hf-og-virdingar-hf

### *3.4.14. Kafli 4.2. Skipulag*

Kafli 4.2 *Skipulag* í útgefandalýsingu verður svohljóðandi:

Skipurit útgefanda má sjá á mynd 1.1. Þann 4. janúar 2018 voru um 105 starfsmenn í fullu starfi hjá samstæðu Kviku. Þar af starfar 95 starfsmaður hjá móðurfélaginu, en 10 hjá dótturfélögum Kviku, Júpíter rekstrarfélagi hf., Rekstrarfélagi Virðingar hf. og Öldu sjóðum hf.

Samstæða útgefanda samanstendur af 32 félögum. Þar af eru sjö þeirra ekki í neinni starfsemi, en þau eru:

- Fasteignastýring ehf., kt. 590214-1830
- Eragon hf., kt. 700614-0770
- Straumur Equities ehf., kt. 471206-1560
- Virðing ráðgjöf ehf., kt. 411007-2270
- Auður Property ehf. kt. 680110-0690
- Aktiva reikningar ehf. kt. 601117-1770
- Netgíró reikningar II ehf. kt. 471217-1230

Tólf þeirra eru einkahlutafélög með ótakmarkaða ábyrgð:

- Nes þróunarfélag GP ehf., kt. 490413-2000
- Nauteyri Fjárfestingar ehf., kt. 710517-0880
- Kaldalón byggingar GP ehf., kt. 490413-1460
- Foss GP ehf., kt. 490413-1110
- FÍ Fasteignafélag GP ehf., kt. 430712-1010
- ACF GP ehf., kt. 421014-0780
- ACF II GP ehf., kt. 691116-0770
- Auður GP 1 ehf., kt. 440308-0580
- AC GP 3 ehf., kt. 571212-3820
- AC GP 5 ehf., kt. 510215-1170
- AC GP 6 ehf., kt. 480216-1560
- Veðskuld GP ehf., kt. 420713-0530

Tíu þeirra eru eignarhaldsfélög:

- Ármúli fasteignir ehf., kt. 581109-0240
- Straumur eignarhaldsfélag ehf., kt. 571212-0480
- Burðarás eignarhaldsfélag ehf., kt. 490413-1030
- Horn Florida Ltd. (UK)
- Kvika Securities Ltd. (UK)
- M-Investments ehf. kt. 691209-2450.
- Rafklettur ehf., kt. 450917-2300
- Netgíró reikningar ehf., kt. 590117-2930
- Netgíró lán ehf. kt. 601117-1690

- OSF II ehf., kt. 510717-0900

Útgefandi er ennfremur eigandi Júpíters rekstrarfélags hf., kt. 520506-1010 sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða og með starfsleyfi sem slíkt skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Júpíter starfrækir nú 23 sjóði.

Þá er útgefandi eigandi Rekstarfélag Virðingar hf., kt. 531109-2790 og Öldu sjóða hf., kt. 560409-0790, sem eru einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða og með starfsleyfi sem slík skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Virðing rekstrarfélag hf. starfrækir nú átta sjóði og Alda sjóðir hf. sjö sjóði.




*Mynd 1.1 – Skipurit*

Í ágúst 2017 voru gerðar skipulagsbreytingar hjá útgefanda sem fólu í sér að markaðs- og mannauðssvið var lagt niður og verkefni sem þar hafa verið unnin færð til. Markaðsmál voru færð undir forstjóra og mannauðsmál undir aðstoðarforstjóra.

### *3.4.15. Kafli 4.3. Eignastýring*

Kafli 4.3. *Eignastýring* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Eignastýring skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, sérhæfðar fjárfestingar og rekstur sjóða. Eignastýring hefur verið hluti af meginstarfsemi útgefanda frá upphafi og byggir því starfsemi eignastýringar oft á löngu viðskiptasambandi við viðskiptavini. Starfsemi eignastýringar skiptist í þjónustu á innlendum og erlendum mörkuðum. Þá nýtir eignastýring útgefanda sér þjónustu dótturfélaga varðandi rekstur sjóða. Þar eru Júpíter rekstrarfélag og Alda sjóðir hf. umsvifamest. Þá heldur útgefandi á 100% hlut í FÍ Fasteignafélagi GP ehf., kt. 430712-1010, í gegnum dótturfélag sitt M-Investments, en félagið rekur fasteignasjóð upp á um 10,6 ma.kr. m.v. stöðuna 30.06.2017, en sjóðurinn hóf starfsemi árið 2013. Undanfarin ár hafa eignir í stýringu vaxið ár frá ári. Skýrist það af ýmsum þáttum s.s. góðri ávöxtun, fjölgun viðskiptavina og ytri vexti. Heildareignir í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum voru þann

30.06.2017 um 137 ma.kr. Í lok árs 2017 voru eignir í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum orðnar um 285 ma.kr. Aukning eigna í stýringu hjá útgefanda síðari hluta árs 2017 skýrist fyrst og fremst af ytri vexti. Um þremur fjórðu hlutum eigna í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum er fjárfest á innlendum mörkuðum þar sem útgefandi hefur sýnt fram á trausta ávöxtun í helstu eignaflokkum. Áhersla er lögð á þróun á nýjum vörum fyrir íslenska markaðinn í helstu eignaflokkum og má þar nefna fasteignir, fyrirtækjaskuldabréf og óskráð hlutabréf. Útgefandi hefur sterka stöðu í erlendri eignastýringu með farsælu langtímasamstarfi við Credit Suisse þar sem boðið er upp á fjölbreytt þjónustuframboð og ráðgjöf í öllum eignaflokkum á alþjóðlegum mörkuðum. Útgefandi hefur bætt við erlendum samstarfsaðilum á undanförnum misserum.

### *3.4.16. Kafli 4.6. Fyrirtækjaráðgjöf*

Kafli 4.6. *Fyrirtækjaráðgjöf* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Hefðbundin þjónusta fyrirtækjaráðgjafar er við sameiningar og yfirtökur, kaup og sölu fyrirtækja, auk fjármögnunar verkefna með útgáfu hlutafjár eða skuldabréfa. Skráningar hlutabréfa og skuldabréfa í Kauphöll, verðmat fyrirtækja og fjárhagsleg endurskipulagning efnahags eru einnig á verksviði fyrirtækjaráðgjafar. Útgefandi veitir stærri fyrirtækjum óháða ráðgjöf, t.d. varðandi endurfjármögnun lána. Starfsmenn ráðgjafar hafa mikla reynslu í fjármálaráðgjöf, fjárfestingarráðgjöf og fjölbreyttum störfum á fjármálamörkuðum.

### *3.4.17. Kafli 4.7 Fjármála- og rekstrarsvið*

Heiti undirkafla í kafla 4.7. *Fjármála- og rekstrarsvið* í útgefandalýsingu breytast og verða svohljóðandi:

4.7.1. *Eigin viðskipti, 4.7.2. Fjárstýring, 4.7.3. Bakvinnsla, 4.7.4. Upplýsingatæknisvið, 4.7.5. Fjármálasvið.*

Nýr undirkafli *4.7.5. Fjármálasvið* bætist við kaflann og er svohljóðandi:

Fjármálasvið er ábyrgt fyrir bókhaldi bankans og því að gera samstæðureikningsskil bankans.

Heitið á kafla 4.6. *Viðskiptatengsl* í útgefandalýsingu breytist og verður 4.8. *Viðskiptatengsl.*

### *3.4.18. Kafli 5.1. Stjórn*

Eftirfarandi málsgrein í kafla *5.1. Stjórn* fellur brott þar sem viðkomandi stjórnarmaður hefur sagt sig úr stjórn bankans:

**Jónas Hagan Guðmundsson** - Jónas Hagan útskrifaðist með BS í Stjórnmálafræðum og Alþjóðlegum viðskiptum frá Wake Forest University í NC, US – 1992 og kláraði einnig Young Managers Program frá INSEAD í Frakklandi árið 2000. Jónas er meðeigandi að Varða MI KVIKA 19 Capital ehf., en var meðal annars framkvæmdastjóri og í stjórn Fintrax Group Holdings Ltd. frá árunum 2013-2014, forstjóri í Tax Free Worldwide Ltd. til ársins 2013 og forstjóri Global Blue í Danmörku árið 2000. Jónas stofnaði Global Blue á Íslandi 1996 og Tax Free Worldwide Ltd. (TFW) árið 2001 en Jónas var bæði forstjóri og stjórnarformaður TFW til ársins 2013. Starfstöð Jónasar er hjá Vörðu Capital, Hellusund 6, 101 Reykjavík.

**Kristín Guðmundsdóttir, varamaður í stjórn** – Kristín útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1980. Hún starfar sem framkvæmdastjóri KG slf. Árið 2011 starfaði hún sem forstjóri Skipta ehf. Á árunum 2003-2010 var Kristín fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. Áður hafði hún sinnt starfi fjármálastjóra Granda hf. frá árinu 1994-2002. Kristín situr í stjórn N1 hf. Á árunum 2007-2011 var hún í stjórn Mílu ehf., þarf af í eitt ár sem stjórnarformaður. Á sama tíma sat hún í stjórn Símans hf., einnig sem stjórnarformaður í eitt ár. Hún hefur einnig setið í stjórnum fjölmargra annarra fyrirtækja og félaga. Starfstöð Kristínar er hjá KG slf., Aðallandi 14, 108 Reykjavík. Kristín hefur tekið sæti Jónasar Hagan, fyrrverandi stjórnarmanns, í aðalstjórn bankans fram að næsta aðalfundi.

### *3.4 19. Kafli 5.2. Framkvæmdastjórn*

Kafli 5.2. *Framkvæmdastjórn* í útgefandalýsingu helst óbreyttur að öðru leyti en því að fyrsta málsgrein kaflans breytist, auk umfjöllunar um forstjóra bankans, framkvæmdastjóra eignastýringar, framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs og framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar, auk þess sem umfjöllun um aðstoðarforstjóra bætist við, og verður hún svohljóðandi:

Framkvæmdastjórn útgefanda samanstendur af forstjóra og sex framkvæmdastjórum. Þann 27. apríl 2017 birti stjórn Kviku tilkynningu um að Sigurður Atli Jónsson þáverandi forstjóri bankans hefði tilkynnt stjórn um ákvörðun sína um að láta af störfum.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=771391&lang=is

Þann 4. maí 2017 birti Kvika tilkynningu um að Ármann Þorvaldsson hefði verið ráðinn forstjóri bankans og Marinó Örn Tryggvason aðstoðarforstjóri.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=772907&lang=is

Þann 27. júní 2017 sagði Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Kviku, starfi sínu lausu og lét hann af störfum í byrjun ágúst. Hannes Frímann Hrólfsson, þáverandi forstjóri Virðingar hf. tók við starfi framkvæmdastjóra eignastýringar. Íris Arna Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur Virðingar, tók við starfi forstjóra Virðingar hf., fram að áætluðum samruna Kviku og Virðingar.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=805225&lang=is

Þann 22. ágúst 2017 lét Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku, af störfum. Þann 14. september 2017 var tilkynnt að Kvika hefði keypt fyrirtækjaráðgjöf norræna fjárfestingabankans Beringer Finance á Íslandi. Baldur Stefánsson sem síðast var framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Beringer Finance á Íslandi tók formlega við sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kviku þann 18. september 2017.

**Ármann Þorvaldsson, forstjóri** – Ármann starfaði hjá Virðingu frá árinu 2015, síðast sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Áður var hann framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings frá 1997 til 2005 og framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi frá 2005 til ársins 2008. Áður en Ármann hóf störf hjá Virðingu starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance í London. Ármann útskrifaðist með MBA gráðu frá Boston University árið 1994 og er með BA gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands.

**Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs** – Magnús Ingi er með yfir 10 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði. Hann er með B.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Virginia Tech í Bandaríkjunum. Hann hóf störf í áhættustýringu hjá Straumi-Burðarási árið 2006 og stýrði m.a. útlánaáhættu útgefanda frá árinu 2009. Magnús gegndi stöðu forstöðumanns áhættustýringar og síðar fjárstýringar frá stofnun Straums fjárfestingabanka fram til loka árs 2014. Frá þeim tíma hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar.

**Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri** – Marinó starfaði í eignastýringu Arion banka og forvera hans frá árinu 2002. Á árunum 2014 til 2017 var Marinó aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka og á árunum 2007 til 2014 var hann forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta. Marinó sat í stjórn Varðar Trygginga frá 2016 til 2017. Marinó er með BSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

**Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar** – Hannes hefur starfað á fjármálamörkuðum í hátt í 20 ár. Hann tók við sem framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku í október 2017 í framhaldi af kaupum Kviku á Virðingu hf. en þar hafði hann starfað sem forstjóri. Virðing og Auður Capital sameinuðust árið 2014 og var Hannes forstjóri Auðar Capital áður. Hann var framkvæmdastjóri og einn stofnanda Tinda verðbréfa auk þess að hafa starfað hjá Arion banka og Kaupþingi, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri Fjárstýringar og Markaðsviðskipta. Hannes er Cand.oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum og ACI dealing prófi í gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum.

**Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar** – Baldur hóf störf hjá Kviku í September 2017. Baldur hefur yfir 20 ára reynslu af fjárfestingarbankastarfsemi og fyrirtækjaráðgjöf bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Baldur kom til Kviku í kjölfar kaupa bankans á íslensku starfsemi norræna fjárfestingarbankans Beringer Finance þar sem Baldur var framkvæmdastjóri. Áður en Baldur gekk til liðs við Beringer Finance var hann meðeigandi og meðstofnandi í fjármálafyrirtækinu Arctica Finance í átta ár og þar áður verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í fimm ár. Hann hefur í þessum störfum leitt mörg umfangsmikil fyrirtækjaráðgjafarverkefni innan lands, sem á milli landa, í ýmsum atvinnugreinum. Baldur nam hagfræði og stjórnmálafræði við HÍ á árunum 1992-1994 og útskrifaðist með MBA gráðu frá IESE í Barcelona árið 2004.

### 3.4.20 *Kafli 5.3.1 Fjármálanefnd*

Kafli 5.3.1 *Fjármálanefnd* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Fjármálanefnd hefur yfirumsjón með stýringu á efnahag bankans, eignum og skuldbindingum og leitast við að ná markmiðum um arðsemi þeirra. Í því felst að ákvarða hagkvæmustu skiptingu á milli ávöxtunar og áhættu og úthluta fjármunum til viðskiptaeininga bankans. Nefndin setur mælanleg arðsemismarkmið og leitast við að ná þeim. Í nefndinni sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar, forstöðumaður fjárstýringar og forstöðumaður áhættustýringar.

2. málsgrein í kafla 5.3.3. *Áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefnd* í útgáfulýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Stjórn ber ábyrgð á skipun áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Samkvæmt lögum skal nefndin skipuð að minnsta kosti þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Viðstaðfestingu þessarar lýsingar skipa nefndina Kristín Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar og varamaður í stjórn bankans, sem nú hefur tekið sæti Jónasar Hagan, fyrrverandi stjórnarmanns, í aðalstjórn bankans tímabundið fram að aðalfundi, Pétur Guðmundarson, varamaður í bankanum, og Jónas Hagan Guðmundsson fyrrverandi stjórnarmaður bankans.

### 3.4.21. *Kafli 6.1 Hlutafé*

Kafli 6.1. *Hlutafé* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.815.060.274. Allir hlutir eru í sama flokki. Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997.

### 3.4.22. *Kafli 6.2 Hluthafar*

Kafli 6.2. *Hluthafar* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Neðangreind tafla sýnir 10 stærstu hluthafa félagsins miðað við 16. janúar 2017:

| **Nafn** | **Kennitala** | **Fjöldi hluta** | **Hlutfall** |
|---|---|---|---|
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 690689-2009 | 427.730.815 | 23,57% |
| RES II ehf. | 470417-0560 | 169.197.677 | 9,32% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 430269-4459 | 162.639.964 | 8,96% |
| K2B fjárfestingar ehf. | 681209-3360 | 136.462.748 | 7,52% |
| Mízar ehf. | 410411-0670 | 112.620.665 | 6,20% |
| Brimgarðar ehf. | 591103-2610 | 85.945.882 | 4,74% |
| Feier ehf. | 540909-0910 | 56.930.375 | 3,14 |
| Sindrandi ehf. | 661013-2220 | 45.757.816 | 2,52 |
| Lífsverk lífeyrissjóður | 430269-4299 | 39.682.540 | 2,19% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| P126 ehf. | 711011-2770 | 39.421.326 | 2,17% |

Hluthafafundur er æðsta vald í öllum málefnum útgefanda innan þeirra takmarka sem samþykktir hans og landslög setja. Hluthafar sem ráða minnst 1/20 hlutafjár í útgefanda geta, skv. samþykktum, krafist þess að stjórn boði til hluthafafundar. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum útgefanda eða landslögum.

### *3.4.23. Kafli 7.1 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*

Kafli 7.1. *Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Ársreikningur samstæðu útgefanda vegna ársins 2015 og 2016 og árshlutareikningur vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til 30. júní 2017 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og styðjast við þá forsendu að viðkomandi félög hafi verið rekstrarhæf á þeim tíma.

### *3.4.24. Kafli 7.2 Löggiltir endurskoðendur*

Kafli 7.2. *Löggiltir endurskoðendur* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2015 var endurskoðaður af KPMG ehf. Ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2016 var endurskoðaður af Deloitte ehf. og árshlutareikningur vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til 30. júní 2017 var kannaður af Deloitte ehf.

Fyrir hönd KPMG var Sigurður Jónsson, Frjóakri 6, 220 Garðabæ endurskoðandi Kviku banka hf. vegna endurskoðunar ársreiknings fyrir árið 2015. Samkvæmt reglum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, einkum 90. gr. laganna, bar útgefanda að skipta um endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtæki á árinu 2016 þar sem fimm ára skipunartíma KPMG var þá lokið. Á aðalfundi útgefanda, 17. mars 2016, voru Pálína Árnadóttir, Jöklaseli 5, 109 Reykjavík, og Þorsteinn Guðjónsson, Þorrasölum 37, 201 Kópavogi, fyrir hönd Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, skipuð endurskoðendur útgefanda. Allir framangreindir starfsmenn KPMG og Deloitte eru meðlimir í félagi löggiltra endurskoðenda á Íslandi. Pálína Árnadóttir og Þorsteinn Guðjónsson voru því endurskoðendur vegna endurskoðunar á ársreikningi fyrir árið 2016 og vegna könnunar fyrstu sex mánuði ársins 2017.

### *3.4.25. Kafli 7.3 Nýjustu fjárhagsupplýsingar*

Kafli 7.3 *Nýjustu fjárhagsupplýsingar* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Nýjasti endurskoðaði samstæðuársreikningur útgefanda var samþykktur 16. febrúar 2017 og er fyrir fjárhagstímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Nýjasti kannaði samstæðuárshlutareikningur útgefanda var samþykktur 18. ágúst 2017 og er fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017. Samkvæmt tilkynningu frá Kviku sem birt var þann 18. ágúst 2017 reyndist hagnaður bankans á fyrri hluta árs 2017 vera 946 milljónir króna.

Tilkynningin er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/hagnadur-kviku-a-fyrri-hluta-ars-2017-taepur-milljardur

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

### *3.4.26. Kafli 7.4 Skýringar í samstæðuársreikningi*

Heitið á kafla 7.4. *Skýringar í samstæðuársreikningi* í útgefandalýsingu breytist og verður 7.4 *Skýringar í samstæðuársreikningi og samstæðuárshlutareikningi.*

Þá bætist ný málsgrein aftast í kaflann og er svohljóðandi:

Árshlutareikningur samstæðu útgefanda fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Condensed-Consolidated-Interim-Financial-Statements-30.06.17.pdf

### *3.4.27. Kafli 8. Skjol til sýnis*

Kafli 8 *Skjöl til sýnis* breytist og verður svohljóðandi:

Meðan lýsing þessi er í gildi geta fjárfestar og aðrir nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu útgefanda eða á rafrænu formi á heimasíðu útgefanda http://www.kvika.is/verdbrefalysingar:

- Samþykktir útgefanda
- Útgáfulýsingu vegna víxla í flokknum KVB 18 0621
- Ársreikning 2015
- Ársreikning 2016
- Árshlutareikningur vegna tímabilsins 1. janúar 2017 til 30. júní 2017

### *3.4.28. Kafli 8.1. Upplysingar sem eru felldar inn með tilvísun*

Kafli 8.1. *Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun* í útgefandalýsingu breytist og verður svohljóðandi:

Samþykktir Kviku banka hf. eru felldar inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/media/pdf/2016-11-30-Samthykktir-Kviku-banka-hf._undirritadar.pdf

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. árið 2015 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika-banki-hf---Consolidated-Financial-Statements-31-12-15.pdf

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. árið 2016 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Consolidated-Financial-Statements-31.12.16.pdf

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir fyrstu sex mánuði 2017 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Condensed-Consolidated-Interim-Financial-Statements-30.06.17.pdf

Tilkynning stjórnar Kviku um kauptilboð Kviku í allt hlutafé í Virðingu, dags. 20. júní 2017, hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-gerir-kauptilbod-i-allt-utgefid-hlutafe-virdingar

Tilkynning stjórnar Kviku um kaup Kviku á öllu hlutafé í Virðingu dags. 30. júní 2017 hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-banki-hf-kaupir-allt-hlutafe-i-virdingu-hf

Tilkynning stjórnar Kviku banka á kaup á öllu hlutafé í Öldu sjóðum hf. er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=785712&lang=is

Tilkynningin varðandi mat Samkeppniseftirlitsins hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=789062&lang=is

Tilkynningin varðandi samþykki Fjármálaeftirlitsins hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=790429&messageId=994516

Tilkynning stjórnar Kviku um samþykki samruna við Virðingu hf. og skráningu á Nasdaq First North hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=803457&lang=is

Tilkynning Kviku um kaup á Öldu sjóðum og að Hannes Frímann Hrólfsson hafi tekið við starfi framkvæmdastjóra eignastýringar Kviku hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=805225&lang=is

Tilkynning Fjármálaeftirlitsins um að samruni Kviku og Virðingar hf. taki gildi þann 18. nóvember 2017 hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.fme.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettir/samruni-kviku-banka-hf-og-virdingar-hf

Tilkynning stjórnar Kviku um að Sigurður Atli Jónsson hafi látið af störfum hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=771391&lang=is

Tilkynning stjórnar Kviku banka, dags. 4. maí 2017, um að Ármann Þorvaldsson hafi verið ráðinn forstjóri Kviku banka og Marinó Örn Tryggvason aðstoðarforstjóri er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=772907&lang=is

Tilkynning Kviku um að hagnaður á fyrri hluta árs 2017 hafi reynst vera tæpur milljarður hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/hagnadur-kviku-a-fyrri-hluta-ars-2017-taepur-milljardur

### *3.4.29. Uppfærsla yfirlýsinga*

Yfirlýsingar á bls. 11, 12 og 23 í útgefandalýsingu eru uppfærðar og verða svohljóðandi:

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, fyrir hönd útgefanda, lýsa hér með yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Einnig lýsa formaður stjórnar og forstjóri því yfir að ekki hafi orðið neinar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, aðrar en þær sem upplýst er um í útgefandalýsingu þessari, að útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga sem ekki tengjast hefðbundinni starfsemi hans sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem stendur til að gefa út og að útgefandi er ekki aðili að öðrum stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, en þeim sem útgefandi greinir frá í kafla *1.3.1. Lagaáhætta* í útgefandalýsingu þessari.

Reykjavík, 19. janúar 2018

| F.h. stjórnar Kviku | F.h. Kviku |
|---|---|
| Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður | Ármann Þorvaldsson, forstjóri |

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir þeim fjárhagsupplýsingum sem dregnar eru út úr samstæðuárshlutareikningi bankans fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017 sem koma fram í köflum 1.2, 1.8 og 1.9 í útgefandalýsingunni.

Ábyrgð okkar felst í að gefa álit á því hvort fjárhagsupplýsingar sem koma fram í köflum 1.2, 1.8 og 1.9 í útgefandalýsingu þessari séu í samræmi við útgefinn kannaðan samstæðuárshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017.

Álit okkar er að fjárhagsupplýsingar sem fram koma í köflum 1.2, 1,8 og 1.9 í útgefandalýsingunni séu í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í könnuðum árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017, að teknu tilliti til eftirtalinna atriða sem ekki koma fram í samstæðuárshlutareikningnum og við getum því ekki gefið álit á: Í kafla 1.2 á bls. 5 koma fram upplýsingar um krossvanskilahlutfall, veginn binditími bókfærðs lánasafns og hlutfall bókfærðs lánasafns sem er á gjalddaga innan eins árs.

Reykjavík, 19. janúar 2018

DELOITTE ehf.

| | |
|---|---|
| Pálína Árnadóttir | Þorsteinn Guðjónsson |
| löggiltur endurskoðandi | löggiltur endurskoðandi |

## 4. ÚTGÁFULÝSING

Hér að neðan má sjá útgáfulýsingu víxlanna, dags. 18. desember 2017.

Nasdaq verðbréfamiðstöð

# ÚTGÁFULÝSING

## ÚTGÁFA VÍXLA Í KERFI NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR HF

## *1. kafli*

## *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

*1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: Kvika banki hf.
Kt. 540502-2930
Heimild til útgáfu: Útgáfan krefst ekki samþykkis FME. Fjármálanefnd bankans tók ákvörðun um útgáfuna þann 14. desember 2017.
Stofndagur: 7. maí 2002.
Skráð aðsetur: Borgartún 25, 105 Reykjavík, Ísland

*1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Ármann Þorvaldsson, kt. 151268-3239.

*1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

## *2. kafli*

## *Upplýsingar um útgáfuna:*

*2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang/netföng*

Halldór Karl Högnason, kt. 281274-5389, halldor.hognason@kvika.is
Halldór Þór Snæland, kt. 221179-3589, halldor.snaeland@kvika.is

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal gripa til, eða láta hjá liða að gripa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar og annað sem skuldbindur útgefanda sjá viðauka „skilmálar flokks" hér að neðan.*

Um aðra skilmála en þá sem fram koma í þessum kafla, er vísað til skilmálablaðs aftast í útgáfulýsingu þessari.

**Vanskil:** Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þau eru ekki greidd upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynninu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkynningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.

**Framsal:** Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.

**Ágreiningsmál:** Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**Heimild:** Samkvæmt heimild fjármálanefndar Kviku banka hf., dags. 13. september 2017.

**Skráð í kauphöll?:** Stefnt er að skráningu víxlanna í kauphöll fyrir 1. nóvember 2017.

**Breytingar á skilmálum:** Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins.

**Afskráning:**

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

**Annað:**

2.3 *Hlunnindi sem tengd eru víxlunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

2.4 *Skattur á tekjur af víxlunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Útgáfan er rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.

2.5 *Nasdaq verðbréfamiðstöð ráðstafar útgefnum víxlum á reikning útgefanda nr. 305122 í Kviku banka hf.*

2.6. *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynlegar.*

## *3. kafli*

## *Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:*

3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*

Halldór Karl Högnason,kt. 281274-5389, halldor.hognason@kvika.is, sími 540-3206
Halldór Þór Snæland, kt. 221179-3589, halldor.snaeland@kvika.is, sími 540-3215

3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

Deloitte ehf. – Endurskoðendur 2016
Pálína Árnadóttir, kt. 291073-4419, palina.arnadottir@deloitte.is, s: 580-3000
Þorsteinn Pétur Guðjónsson, kt. 091176-3199 thorsteinn.gudjonsson@deloitte.is, s: 580-3000

KPMG ehf. – Endurskoðendur 2013- 2015
Sigurður Jónsson, kt. 290256-5269, sigurdurjonsson@kpmg.is, s: 545-6217
Jón S. Helgason, kt. 050269-3619, jhelgason@kpmg.is, s: 545-6046
Hrafnhildur Helgadóttir, kt. 260470-3619, hhelgadottir@kpmg.is, s: 545-6084

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

## *4. kafli*

### *Fylgigögn með útgáfulýsingu:*

*4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*

*4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*

*4.3 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*

Kvika banki hf. annast útgáfu víxlanna.

*4.4 Óski Nasdaq verðbréfamiðstöð eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*

*4.5 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Nasdaq verðbréfamiðstöð telur nauðsynleg.*

Reykjavík, 18. desember 2017

F.h. útgefanda,

Magnús Ingi Einarsson

Halldór Karl Högnason

F.h.reikningsstofnunar,

Halldór Karl Högnason

Halldór Þór Snæland

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

# Skilmálar flokka.

| | |
|---|---|
| Útgefandi: | Kvika banki hf. |
| Kennitala: | 540502-2930 |
| Heimilisfang: | Borgartúni 25, 105 Reykjavík |
| Skuldabréf/víxlar: | Víxlar |
| Auðkenni (Ticker) | KVB 18 0621 |
| ISIN númer | IS0000029502 |
| CFI númer | D-Y-Z-U-X-R |
| Skráð rafrænt | Já |
| Tegund afborgana | Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga |
| Útgáfuland | Ísland |
| Gjaldmiðill | Íslenskar krónur |
| Dagsetning töku til viðskipta í Kauphöll | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Orderbook ID | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Undirflokkur | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Markaður | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Veltulisti | Útfyllt af Nasdaq OMX Iceland |
| Nafnverðseining í Nasdaq verðbréfamiðstöð | ISK 20.000.000 |
| Heildarheimild sbr útgáfulýsingu | ISK 2.000.000.000 |
| Heildarútgáfa | ISK 2.000.000.000 |
| Upphæð tekin til viðskipta nú | ISK 2.000.000.000 |
| Útgáfudagur | miðvikudagur, 20. desember 2017 |
| Fyrsti gjalddagi höfuðstóls | 21.6.2018 |
| Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina | 1 |
| Fjöldi á ári | Á ekki við |
| Lokagjalddagi höfuðstóls | fimmtudagur, 21. júní 2018 |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

| | |
|---|---|
| Vaxtaprósenta | Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi. |
| Vaxtaruna ef breytilegir vextir | Á ekki við |
| Álagsprósenta á vaxtarunu | Á ekki við |
| Reikniregla vaxta | Einfaldir |
| Dagaregla | Actual / 360, ISMA aðferð |
| Fyrsti vaxtadagur | Á ekki við |
| Fyrsti vaxtagjalddagi | Á ekki við |
| Fjöldi vaxtagjalddaga á ári | Á ekki við |
| Fjöldi vaxtagjalddaga í heildina | Á ekki við |
| Vístölutrygging | Nei |
| Nafn vísitölu | Á ekki við |
| Dagvísitala eða mánaðarvísitala | Á ekki við |
| Grunngildi vísitölu | Á ekki við |
| Dags. grunnvísitölugildis | Á ekki við |
| Verð með áföllnum vöxtum/án áfallinna vaxta (e. dirty price/clean price) | N/A |
| Innkallanlegt | Nei |
| Innleysanlegt | Nei |
| Breytanlegt | Nei |
| Aðrar upplýsingar | Engar |
| Viðskiptavakt | Nei |
| Lánshæfismat (matsfyrirtæki, dags.) | Ekki lánshæfismat |
| Verðbréfamiðstöð | Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. |
| Umsjónaraðili – taka til viðskipta | Kvika banki hf. |
| Ef óreglulegt greiðsluflæði, þá hvernig | Á ekki við |
| Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um? | Nei |

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ. NASDAQ ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.